

Fyrir dómi er mættur kærði: Nafn: Einar Sigurðsson. Stétt eða atvinna: Sjómaður. Heimili: Keflavíkurvegi 20, Hellissandi. Fæðingarstaður: Reykjavík. Fæðingardagur: 9. júlí 1943.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt. Hann samþykkir að greiða kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóð til að sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968. Sektin greiðist fyrir 15. júní 1972, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi 4 daga.

Málskostnaður, kr. 1.500.00, greiðist fyrir sama tíma.

Kærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í eitt ár frá 16. maí 1972.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

---

Priðjudaginn 19. september 1972.

Nr. 100/1972. **Ákærvaldið**

gegn

**Kristni Þorsteini Bjarnasyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. júlí 1972, sem barst dómnum 26. s. m., og krafizt þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld og að varnaraðilja verði gert að greiða kærumálskostnað.

Hinn 24. febrúar 1970 var varnaraðilja í sakadómi Reykjavíkur dæmt 20 daga varðhald og svipting ökuleyfis 18 mánuði fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 219.

gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Varnaraðili var sóttur um ítrekað brot gegn greindum ákvæðum umferðarlaga í máli því, sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómssátt. Þau málalok voru óheimil að lögum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, 4. mgr. 80. gr. og 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968 og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. nefndrar 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

### Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Kærumálskostnaður fellur niður.

### Dómssátt sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

31. maí 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 31. maí, var sakadómur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu háður í fangahúsi Stykkishólms af Benedikt Þórðarsyni fulltrúa. Fyrir var tekið: Rannsókn í tilefni af kærnum um ölvun við akstur og brot á lögum um friðun fugla og hafnarreglugerð Stykkishólms.

Dómarinn leggur fram ofangreinda kæru, dskj. nr. 1—9, svohljóðandi:

Fyrir dómi er mættur kærði: Nafn: Kristinn Bjarnason. Stétt eða atvinna: Húsgagnasmiður. Heimili: Aðalgötu 2, Stykkishólmi. Fæðingarstaður: Hömluholtum, Eyjahreppi, Snæfellsnessýslu. Fæðingardagur: 14. maí 1949.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961.

Kærði játar, að efni kæranna sé rétt og kannast við ofangreind brot sín. Hann samþykkir að greiða kr. 4.000.00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotunum, sem varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga, sbr. 2. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengis laga og 8. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 33/1966, sbr. 37. gr. og 9. gr. hafnarreglugerðar Stykkishólms. Sektin greiðist fyrir 1. júlí 1972, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi 3 daga. Málskostnaður, kr. 1.000.00, greiðist fyrir sama tíma.

Kærði er sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 31. maí 1973.

Haglabyssa af Stefano gerð er upptæk gerð til ríkissjóðs.  
 Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71.  
 gr. laga nr. 19/1940.  
 Dómarinn lét málssókn falla niður.

---

Mánudaginn 25. september 1972.

Nr. 108/1972. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Guðjóni Sverri Guðnasyni.**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. ágúst 1972, sem barst Hæstarétti 28. s. m., og krafizt þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld og að varnaraðilja verði gert að greiða kærumálskostnað.

Með dómi sakadóms Rangárvallasýslu 25. nóvember 1971 var varnaraðilja dæmd 7.000.00 króna sekt og svipting öku-leyfis 7 mánuði fyrir brot gegn 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Varnaraðili var sóttur um ítrekað brot gegn greindum lagaboðum í máli því, sem lyktaði í héraði með hinni kærðu dómssátt, en samkvæmt sakavottorði, er héraðsdómari þess máls fékk í hendur, hafði varnaraðili aðeins sætt einni sekt 11. júlí 1963 vegna ölvunar, og var þar eigi getið áðurnefnds dóms.

Málalok þau, sem gerð voru með hinni kærðu dómssátt, voru óheimil að lögum, sbr. 6. mgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1966, 4. mgr. 80. gr. og 3. mgr. 81. gr.